




# Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 8. árgangur, 3. nóvember 2016

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Minum á  
endurskinnsmerkin  
Í skammdeginu!



## Umferð um bílastæði

Sem fyrr minnum við á sleppistæðin sem eru við Kjarnagötu og Lækjartún og hvetjum til þess að þau séu nýtt ef börnum er ekið í skólann. Eitthvað hefur borið á að bílum sé lagt á hringtorgið við aðalinngang skólans en það er auðvitað hið versta mál því þeir sem af einhverjum ástæðum þurfa að aka börnum sínum alveg heim að dyrum þurfa að geta snúið við þar án þess að þurfa að bakka. Við mælumst því eindregið til að bílum sé lagt í stæði en ekki á hringtorgið!!!

Mikil gleði á vígsludegi íþróttahússins!



## Kæra skólasamfélag


Nóvembermánuður er runninn upp með skammdegismyrkri á morgnana. Lífið í skólanum er margbreytilegt og enginn dagur eins, því á vinnustað sem telur 500 manns er oft líf og fjör. Nemendur stunda nám sitt af kappi með fjölbreyttum aðferðum, einnig kennarar sem fengu heimsókn í október frá Ingvari Sigurgeirssyni prófessor við HÍ, sem leiðir þá í öflugu þróunarstarfi um kennslu á opnum svæðum. Kennarar hafa einnig lagt mikla vinnu í endurskoðun og gerð skólanámskrár sem stefnt er að ljúki nú í nóvember. Framundan er síðan baráttudagur eineltis 8. nóvember og dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, en á þeim degi hefst formlegur undibúningur 7. bekkjar fyrir stóru upplestrarkeppnina sem fram fer í mars. Á degi íslenskrar tungu hefjum við einnig lestrarátak sem verður nánar auglýst síðar.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi í matsal, nemendur skammta sér nú sjálfir og lögð hefur verið áhersla á að starfsfólk borði með börnunum. Geiri kokkur vigtar frá hverri bekkjardeild og hefur sett upp samkeppni um hver hendir minnstu af mat. Þessar breytingar hafa gengið mjög vel fyrir sig og við erum hæstánægð með árangurinn.

Þá bjóða stjórnendur foreldrum til morgunspjalls vikuna 21. – 25. nóvember, en þá gefst foreldrum tækifæri til að ræða við stjórnendur um skólamál og eða önnur málefni sem tengjast Naustaskóla.

Með góðum kveðjum og þakklæti fyrir gott samstarf það sem af er haustinu.

Bryndís skólastjóri.



Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri**

mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega

lengst vera úti til kl. 22

## Morgunkaffi með stjórnendum

Í síðustu viku nóvembermánaðar bjóðum við upp á svokallað “morgunkaffi með stjórnendum”. Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er um að ræða frekar óformlegt spjall um skólastarfið en um leið er þetta vettvangur til að fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera gott tækifæri fyrir foreldra til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar má á baksíðu fréttabréfsins (matseðlinum) en við minnum einnig á þessar uppákomur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.





## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Nóvember 2016

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		1 Mexíkósk kjúklingasúpa og salatbar. Ávextir.  <b>Opíð hús 8-10b</b>	2 Grænmetis eggjabaka, bankabyggsalat og gúrkudressing. Ávextir.	3 Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur og lauksmjör. Ávextir.	4  <b>Rugludagur</b>	5
6	7 <b>Starfsdagur!</b> <b>Frístund opin.</b>	8 Kjötbullur í súrsætri sósu, spaghetti og salat. Ávextir.  <b>Baráttudagur gegn einelti</b>	9 Steiktur fiskur, kartöflur, salatbar og agúrkudressing. Ávextir.	10 Ítalskur lambapottréttur. Ávextir.	11 Pepperonipasta og salatbar. Ávextir.	12
13	14 Ofnbakaður saltfiskur. Ávextir.	15 Slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir.  <b>Opíð hús 8-10b</b>	16 Fiskibollur, karöflur, karrýsósa og salatbar. Ávextir.  <b>Dagur íslenskrar tungu</b>	17 Grænmetislasagna, hýðishrisgrjón og gúrka. Ávextir.	18 Hrisgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir.	19
20	21 Svikinn héri, kartöflur, brún sósa, grænar baunir og gúrka. Ávextir.  <b>Morgunkaffi með stjórnendum - 1. b.</b>	22 Ofnbak lax hrisgrjón, salatbar og hvítlauksdressing. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b</b>  <b>Morgunkaffi með stjórnendum - 2.-3.b.</b>	23 Kjöt og karrý. Ávextir.  <b>Morgunkaffi með stjórnendum - 4.-5.b.</b>	24 Fiskipottréttur, bygg og salat. Ávextir.  <b>Morgunkaffi með stjórnendum - 6.-7.b.</b>	25 Kartölfusúpa m/beikoni, brauð og salatbar. Ávextir. <b>Rauður dagur</b> <b>Smíðjuskil hjá 4-7. bekk</b>  <b>Morgunkaffi með stjórnendum - 8.-10.b</b>	26
27	28 Fiskbúðingur, kartöflur, blaðlaukssúpa og tómatsalat. Ávextir.  <b>Möppuskil í vikunni</b>	29 Íslensk kjötsúpa og salatbar. Ávextir.	30 Pizza og gúrka. Ávextir.	1. 12 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, smjör og salatbar. Ávextir.  <b>Fullveldisdagurinn!</b> <b>Sparifatadagur.</b>	2 Nautapottréttur, hrisgrjón og salatbar. Ávextir.	3

### Muna:

- **Starfsdagur 7. nóvember— Frístund opin.**
- **Morgunkaffi með stjórnendum vikuna 21.-25. nóvember**